

**38. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,
Föstudaginn 9. júní 2023, kl. 11:00.**

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir,
Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Heimlögn hitaveitu, Stóruskógarbraut Snorrastöðum - 2306001

Fyrirspurn Sveins Heiðars Gunnarssonar og Sigríðar Jakobsdóttur um hitaveitutengingu og áður greidd stofngjöld.

Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að ef sótt verði um og samþykkt heimlögn að húsinu þá verði miðað við tengigjald skv. núgildandi gjaldskrá að frádregnu því gjaldi sem áður hefur verið greitt, uppreiknuðu skv. neysluverðsvisitölu eins og hún verður við samþykkt umsóknar.

2. Heimlögn hitaveitu að Höfða II 231 6228 og IIb 231 6231 - 2305013

Stofnlögn að Höfða, áður á dagskrá á 36. fundi.

Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að hafinn verði undirbúningur að lagningu stofnlagnar að Höfða II og IIb (íbúðarhús og skemma. Umsækjandi greiðir 75% af kostnaði við lögnina. Lagt er til við sveitarstjórn að gert verði ráð fyrir kostnaði við verkið og tekjum af heimæðargjaldi í viðauka við fjárhagsáætlun.

3. Samningur um afnot af landi og heitavatnsréttindum í landi Brautarhóls - 2304031

Drög að samningi

Drög að samningi voru lögð fram. Framkvæmda- og veitunefnd felur sveitarstjóra og sviðsstjóra að kynna sammingsdrögin fyrir landeiganda.

4. Gjaldskrá Bláskógaveitu 2023 - 2210046

Tillaga að breytingu á gjaldskrá Bláskógaveitu

Framkvæmda- og veitunefnd vísar gjaldskránni til sveitarstjórnar.

5. Viljayfirlýsing vegna kaupa á heitu vatni til uppbyggingar í ferðapjónustu (baðlón, hótél) - 1906021

Viljayfirlýsing vegna baðlóns, sjá afgreiðslu sveitarstjórnar á 336. fundi.

Rætt var um vatnsöflun og nýtingu á heitu vatni.

6. Eftirlitsskýrslur HES 2023 - 2301070

Niðurstöður úr sýnatökum HES í Laugarvatni í maí 2023

Skýrslurnar voru lagðar fram til kynningar. Kristófer fór yfir stöðu mála hvað úrbætur varðar.

7. Fundargerðir verkfunda vegna byggingar húss fyrir UTU við Hverabraut - 2209023

87
H.K.
S.A.

2. fundur haldinn 04.05.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

8. Útboð vegna byggingar húss fyrir UTU við Hverabraut - 2209023

Niðurstaða kærunefndar útboðsmála vegna kæru Fortis ehf gegn Bláskógabyggð og Selásbyggingum ehf.

Úrskurður kærunefndar útboðsmála var lagður fram til kynningar.

9. Gatnagerð Traustatún, 1. áfangi - 2105023

5. fundur haldinn 24.11.2022

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

10. Gatnagerð Traustatún - 2105023

Staða mála vegna lokaúttektar

Yfirlit var lagt fram til kynningar.

11. Tungurimi og Borgarrimi fráveita og gatnagerð, 1. áfangi - 2106013

3. fundur haldinn 30.11.2022

4. fundur haldinn 22.11.2022

6. fundur haldinn 27.02.2023

7. fundur haldinn 04.04.2023

Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.

12. Endurnýjun gervigrasvalla - 2209017

Endurnýjun gervigrasvallar á Laugarvatni. Kristófer fer yfir stöðu mála.

Áætlað var að gervigrasið kæmi til landsins í byrjun júní, en afhending á því dregst fram í lok júlí. Í fjárhagsáætlun ársins eru um 7.500.000 kr en áætlað er að verkið í heild muni kosta um 10.000.000 kr. Gera þarf ráð fyrir kostnaðarauka í viðauka við fjárhagsáætlun.

13. Viðhald Bláskógaskóla Laugarvatni - 2305005

Viðhaldsverkefni sumarsins, Kristófer fer yfir stöðu mála.

Verktaki er byrjaður á endurnýjun glugga og þakjárns. Unnið er að því að skipta um glugga á norðurhlið skólans. Áætlað er að skólinn verði málaður að utan.

14. Íþróttahúsið á Laugarvatni, gólf - 2110018

Framkvæmdir við lagfæringar á lökkun. Kristófer fer yfir stöðu mála.

Gólfid verður slípað og lakkað að nýju og yfirborðsmerkt. Gera þarf ráð fyrir kostnaði í viðauka við fjárhagsáætlun.

15. Greiðslur vegna sérstakrar söfnunar - 2306003

Upplýsingar um greiðslur Úrvinnslusjóðs til sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar, dags. 09.05.2023

Lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 12:40.

Handwritten notes and signatures in blue ink:
88
H.K.
S.M.

Stefanía H
Stefanía Hákonardóttir

Jón F Snæbjörnsson
Jón Forni Snæbjörnsson

Benedikt Skúlason
Benedikt Skúlason

Helgi Kjartansson
Helgi Kjartansson

Ásta Stefánsdóttir
Ásta Stefánsdóttir

Kristófer Arnfrjó Tómasson
Kristófer Arnfrjó Tómasson